

# Sumarfrístund Frostheima 2017

8. og 9. júní:  
Grandadagur

12.-16. júní: Hvað ætla ég að verða þegar ég verð stór

19.-23. júní:  
Krakkahreysti

26.-30. júní:  
Vatnsleikir og fjör

3.-7. júlí: Listir og sköpun, vísindi og tilraunir

Frístundaheimilin sameinast í Frostheimum 10.-14. júlí : Ævintýravika

**Sumarlokun**  
**16.07-4.08.**

8.-11. ágúst: Veiða, vaða og synda

14.-18. ágúst:  
Borgin okkar á hjólum

**Skráning í sumarstarfið hefst á frístundavefnum 25. apríl nk.**

## Hvað ætlum við að gera skemmtilegt í sumar?

Í sumarfrístund Frostheima 2017 ætlum við að blanda saman því sem okkur hefur fundist vera skemmtilegast undanfarin sumur í bland við fullt af nýjum og skemmtilegum verkefnum og upplifunum. Hér til vinstri má sjá hvað vikurnar heita og hvenær þær eru. En hvað verður gert? Drög að dagskrá sumarsins er eftirfarandi:

**Grandadagur:** Við hefjum sumarið í nærumhverfinu á Grandanum og kíkjum í sund.

**Hvað ætla ég að verða þegar ég verð stór?** Í þessari viku ætlum við að kynna okkur hin ýmsu störf. Við ætlum að heimsækja Sorpu, Öm-mubakstur og fleiri staði og fá að vita hvað er gert á þessum vinnustöðum og hvað þarf að læra til þess að fá vinnu þar.

**Krakkahreysti:** Í þessari viku reynum við á hreysti okkar og munum ganga á fjall, heimsækja hreystibrautina

í Garðabæ og vera með tímatöku, fara á sundæfingu, læra að gera okkur hollt og gott nesti og margt fleira tengt hreysti og heilbrigðu líferni.

**Vatnsleikir og fjör:** Vatnið er þema vikunnar og við munum fara í ýmsa leiki þar sem vatn kemur við sögu. Við munum heimsækja Akranes. Allt sem við gerum tengist vatni á einhvern hátt.

**Listir og sköpun, vísindi og tilraunir:** Þessi vika er fyrir sannkallaða vísindalistamenn. Við ætlum að skella okkur í vísindagallann og gera tilraunir, við ætlum meira að segja að gera tilraun í vatni. Við munum læra um listamenn, heimsækja söfn og gera listaverk.

**Veiða, synda og vaða:** Við ætlum að dorga, synda og fara í fjörur. Þessi vika er fyrir þau sem hafa gaman af því að blotna og lenda í

ævintýrum.

**Borgin okkar á**



**hjólum:** Hér þurfa allir að vera með hjól því í þessari viku ætlum við að skoða borgina okkar á hjólum. **Það er skylda að vera á hjóli og með hjálm.** Við munum fara á hjólatorfærur, hjóla um borgina okkar og skoða þá staði sem okkur finnast áhugaverðir.

**Sjáumst á spennandi námskeiðum í sumar :)**



## Frístundaheimilið Frostheimar, Frostaskjóli 6 107 Reykjavík.

Forstöðukonur: Dórothea Ævarsdóttir  
og Heba Agneta Stefánsdóttir  
Aðstoðarforstöðukona: Rósa  
Ingólfssdóttir  
Sími: 411-5740  
GSM: 695-5083

Heimasíða Frostheima:  
[www.tjornin.is](http://www.tjornin.is)

*Dagskrá fyrir sumarið er bæði sett á heimasíðu Frostheima og send foreldrum skráðra barna í tölvupósti á föstudegi í vikunni áður en námskeið hefst.*

*Athugið að forstöðukonur geta þurft að breyta upprunalegri dagskrá með stuttum fyrirvara.*

*Allar nánar upplýsingar um þjónustu fyrir börn í sumar má finna á [fristund.is](http://fristund.is) frá og með 25. apríl, en þann dag hefst einnig skráning í sumarfrístund okkar.*

*Við hlökkum til sumarfrístundar í Frostheimum og vonum að þið komið og verðið með :)*

*Myndabrot frá sumrinu 2016:)*

